

Nd. **492. Nefndarálit** [188. mál]
um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. mars 1982.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Ingólfur Guðnason,
fundaskr.

Guðrún Hallgrímsdóttir.

Sighv. Björgvinsson,
með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Sighvatur Björgvinsson undirritar nefndarálitið með eftirfarandi fyrirvara:

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur verið leikinn mjög grátt. Fé hans hefur óspart verið eytt og stofnað til skulda af hans hálfu. Staða sjóðsins er því vægast sagt mjög slæm. Verði ekki snúið af þessari braut má búast við að þetta gagnmerka stjórnþæki verði eyðilagt.

Í ljósi þessa er augljóst að leitast verður við að styrkja stöðu sjóðsins.

Það framlag í sjóðinn, sem hér er gert ráð fyrir, getur átt þátt í því að koma í veg fyrir enn frekari veikingu sjóðsins. Fyrir því leggur undirritaður til að frumvarpið verði samþykkt.